

**Nd.**

## **425. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. um orlof, nr. 16 26. febrúar 1943.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Ég hef ekki getað átt samleið með háttv. meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu þessa frv. Ég er fylgjandi 1. gr. frv., en í henni felst það, að útgerðarmenn skuli greiða hlutarsjómönnum jafnmikið orlofsfé og atvinnurekendur eru skyldir til að greiða þeim launþegum öðrum, sem lögin taka til, eða 4% af kaupum þeirra. Samkvæmd gildandi lögum greiðir útgerðarmaður hlutarsjómanni aðeins 2% af kaupum hans í orlofsfé. Er það byggt á því, að hlutarsjómenn séu þátttakendur í útgerðinni og því eigi þeir aðeins rétt á hálfu orlofsfé af hendi útgerðarmanns. Að formi til eru hlutarsjómenn að vísu hluttakendur í rekstri útgerðarinnar, en í raun og veru eru þeir launþegar engu að síður, þótt upphæð launa þeirra sé reiknuð á sérstakan hátt. Með tilliti til þess, að fáir eða engir starfsmenn munu vinna erfiðara og áhættusamara starf en einmitt hlutarsjómennirnir, virðist ástæðulaust, að þeir búi við minni rétt til orlofsfjár en aðrir launþegar.

Ég er hins vegar andvígur 2. gr. frv. Í henni felst það, að fyrningarfrestur krafna um orlofsfé skuli lengdur til jafns við fyrningarfrest launakrafna. Orlofsféð er ekki laun, og á ekki að skoða það sem hreina launaviðbót, heldur sem hlunnindi, sem ætlað er að gera launþegum kleift að njóta orlofs. Það er ekki hagsmunamál verkafélagsamtaka, að litið sé á orlofsféð sem launaviðbót einvörðungu. En verði fyrningarfrestur orlofsfjár lengdur til jafns við fyrningarfrest launa, yrði það til þess að efla þá skoðun, að orlofsféð sé laun. Þau ákvæði nügildandi laga, að orlofsfjárkröfur fyrnist, ef þær eru ekki viðurkenndar eða lögsókn hafin til innheimtu þeirra, áður en eitt orlofsár líður til viðbótar því, er kröfurnar voru stofnaðar, eða m. ö. o. á 1—2 árum, virðast ekki óeðlileg. Það er ekki ósanngjarnt að ætlast til þess af launþegum, að þeir krefjist orlofsfjár síns innan þess tíma, enda á orlofsféð að notast til orlofs á þessu tímabili. Fáist féð eigi greitt, má auðvitað koma í veg fyrir fyrningu kröfunnar með málssókn.

Alþingi, 2. marz 1948.

Gylfi Þ. Gíslason.